



Svarttjara

Efnislýsing

Svarttjara er lituð tréttjara ætluð til yfirborðsmeðferðar á við utanhúss. Hún hefur verndandi eiginleika og er betrubætt svo hún hentar víða, m.a. í málun eldri og nútíma timburhúsa. Tjaran smýgur vel inn í viðinn, vatnsver hann og svarta litarefnið verndar gegn UV-geislun sólarinnar ásamt því að gefa fletinum fallegan mattan svartan lit.

Svarttjara er notað við málun á tjargað sem og ómeðhöndlað nýtt timbur á húsveggjum, girðingastaura, timburþök, útigeymslur o.fl.

Meðhöndlun

Best er að bera svarttjöru á í hlýju veðri því þá er auðveldra að vinna með hana og hún smýgur betur inn í viðinn. Hún er fremur seig-fljótandi en er léttari að bera á og hún smýgur betur inn í viðinn ef hún er hituð í 50°C vatnsbaði. Einnig er hægt að þynna tjöruna með 20% balsamterpentínu til að fá hana meira léttfljótandi og fyrr að þorna. Það gerir yfirborðið fyrr matt og áferð viðarins verður meira áberandi.

ATH! Hrærið vel upp í dósinni áður en hafist er handa því litarefnið getur botnfallið. Ágætt er að hræra annað slagíð í dósinni meðan á verki stendur.

Ekki er þörf á sérstökum grunni og er Svarttjara borin beint á viðinn. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Málartvätt og Original Hustvätt. Skolið vandlega eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er. Ef flöturinn hefur áður verið meðhöndlaður með tjöru nægir að bursta óhreinindi og ryk í burt áður en hafist er handa.

Notið breiðan pensli, u.þ.b. 70-100mm breiðan. Berið tjöruna á eins og „venjulega“ málningu og forðist að hafa of þykk lög. Málið a.m.k. tvær umferðir til að fá sem bestu vatnsvörnina og jafnari lit. Hins vegar er í lagi að láta seinni umferðina bíða í allt að einu ári ef svo ber undir. Mælt er með að bera á aftur eftir 3-7 ár allt eftir álagi á flötinn. Hin þekkt tjörulykt dofnað fljótlega og er að mestu farin eftir mánuð.

Hafa ber í huga að tjara er náttúruleg afurð sem getur verið nokkuð breytileg í útliti eftir framleiðslulutum. Ef margar dósir þarf í verkið er best að blanda innihaldinu úr þeim öllum saman. Þannig fæst örugglega sami litatónn á allan flötinn.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Litur: Svartur

Þynning: Balsamterpentína, EKKI venjuleg terpentína

Þurrktími: Frá nokkrum dögum til nokkurra vikna – fer eftir veðri og vindum, hvort timbrið sé heflað eða óheflað, viðartegund, þykkt og hve vel tjaran síast inn í yfirborðið. Má mála seinni umferð eftir 1-2 daga

Lágmarkshiti við málun: +10°C

Þekja: 5-8 fermetrar pr. lítra. Fer eftir undirlagi

Pakkningar: 2,7 og 9 lítra dósir

Hreinsun: Balsamterpentína, alkóhól eða sápuvatn

Ending: 24 mánuðir (í lokaðri dós)

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.)
Inniheldur mest 300 g/l.